

Fjöldi umsókna og úthlutana listamannalauna árin 2008 – 2010

**Tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis í
kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð**

Fjöldi umsókna og úthlutana listamannalauna árin 2008 – 2010: Tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð, 2011

© Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Höfundar: Auður B. Árnadóttir, Jóna Pálsdóttir

Útgáfustaður: Reykjavík

Slóð á vefsíðu: <http://www.menntamalaraduneyti.is/raduneyti/jafnretti/>

Útdráttur

Tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð felst í að safna, greina og birta upplýsingar um fjölda umsókna og úthlutana listamannalauna á síðustu þremur árum. Nýjum lögum um listamannalaun, nr. 57/2009, sem tóku gildi árið 2009 er ætlað að efla listsköpun í landinu. Frá árinu 2010 voru starfslaun listamanna veitt úr sex sjóðum sem hver um sig veitir ákveðinn fjölda til verkefna samkvæmt gildandi lögum og reglugerð nr. 834/2009. Alþingi veitir árlega framlag á fjárlögum. Starfslaun listamanna eru nú ýmist veitt til tveggja ára, eins árs eða nokkurra mánaða og ein mánaðarlaun hafa verið skilgreind sem ferðastyrkir. Kyngreindum upplýsingum hefur verið safnað um fjölda umsókna í hverjum sjóði, úthlutanir úr sjóðunum, skiptingu úthlutunar eftir lengd starfslauna og heildarfjárhæðum. Einnig hefur verið safnað upplýsingum um stjórnir úthlutunarnefnda.

Markmið tilraunaverkefnisins er að draga ofangreindar upplýsingar fram, eins og gert hefur verið, og skoða síðan upplýsingarnar nánar til þess að sjá hvernig fjármunum hefur verið skipt á milli kvenna og karla. Í framhaldinu verður metið hvort mismunur sé á milli úthlutana til kvenna og karla, hvort ástæða þyki til að rýna betur ofan í einstaka þætti og hvort leggja þurfi til breytingar eða ekki svo jafnréttismarkmið verkefnisins náist sem er að stuðla að því að konur og karlar njóti sömu tækifæra til að fá listamannalaun.

Efnisyfirlit

Skilgreiningar	4
Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð	4
Innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar í sex skrefum	4
Inngangur.....	5
Kynjagreining á umsóknum og veitingum listamannalauna árin 2008, 2009 og 2010	5
Árið 2008.....	6
Árið 2009.....	7
Árið 2010.....	8
Launasjóður rithöfunda	9
Skipting á lengd launa rithöfunda eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar	10
Launasjóður myndlistarmanna	10
Skipting á lengd launa myndlistarmanna eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar	11
Listasjóður.....	12
Skipting á lengd launa úr Listasjóði og launasjóði sviðslistafólks eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar	13
Launasjóður tónskálda.....	14
Skipting á lengd launa tónskálda eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar	15
Launasjóður tónlistarflytjenda	15
Skipting á lengd launa tónlistarflytjenda eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar	16
Launasjóður hönnuða	16
Skipting á lengd launa hönnuða eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar	16
Umfjöllun um skiptingu fjármagns á milli karla og kvenna.....	17
Úthlutun starfslauna á þriggja ára tímabili	17
Stjórn og úthlutunarnefndir listamannalauna	17
Mælikvarðar og mögulegar aðgerðir	18
Lokaorð.....	19
Heimildir	19

Skilgreiningar

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er það ferli að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á fjárlagaferlið. Það þýðir að kynjað mat er lagt á fjárlög, kynjasjónarmið eru samofin í öll stig fjárlagaferlisins og að lokum eru tekju- og útgjaldaliðir endurskipulagðir með það að markmiði að stuðla að kynjajafnrétti.¹ Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs árið 2009 er kveðið á um að kynjuð hagstjórn skuli höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn. Þetta er í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, s.s. CEDAW, sem og í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008), en þar segir að vinna eigi að „kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins.“

Innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar í sex skrefum

Dr. Elisabeth Klatzer hefur þróað aðferð til að innleiða kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð í sex skrefum. Aðferðin felst í því að í fyrsta skrefi er verkefninu lýst og farið er yfir markmið verkefnisins. Í öðru skrefi er kynjasjónarmiðum lýst, s.s. mismunandi stöðu og þörfum kvenna og karla, stúlkna og drengja. Í þriðja hluta fer hin eiginlega greining fram. Í því skrefi eru oft notuð önnuð greiningartæki. Í fjórða hlutanum eru þróaðir mælikvarðar sem hægt er að nota til að mæla framvindu í jafnréttisátt. Næsta skref er að fara yfir aðgerðir sem þörf er á til að leiðrétta kynjaskekkju, ef hún finnst. Í sjötta skrefinu er síðan farið yfir eftirlit og mat á verkefninu – hvernig til hefur tekist. Þessi skýrsla miðar við fyrstu fjögur skrefin.

¹ Skilgreining Evrópuráðsins

Inngangur

Tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð felst í að safna, greina og birta upplýsingar um fjölda umsókna og úthlutana listamannalauna á síðustu þremur árum. Nýjum lögum um listamannalaun, nr. 57/2009, sem tóku gildi 1. maí 2009 er ætlað að efla listsköpun í landinu. Frá árinu 2010 eru starfslaun listamanna veitt úr sex sjóðum sem hver um sig veitir ákveðinn fjölda starfslauna og fjármagn samkvæmt gildandi lögum og reglugerð nr. 834/2009. Alþingi veitir árlega fjárveitingu á fjárlögum til þessa verkefnis og eru umsóknir metnar út frá verkefnum sem sótt er um til að framkvæma. Úthlutunarnefndir eru skipaðar árlega samkvæmt tilnefningum frá hagsmunaaðilum. Árið 2010 nam fjárveitingin 373,8 m.kr., árið 2009 var hún 362,4 m.kr. og árið 2008 var hún 334,2 m.kr. Fjárveitingar hafa hækkað enda gera nýju lögin ráð fyrir því að fjöldi launa fari úr 1200 mánaðarlaunum í 1600. Árið 2009 voru launin 1200 mánaðarlaun og hækkuði í 1325 árið 2010. Árið 2011 verða þau 1465 og gert er ráð fyrir að árið 2012 verði þau 1600.

Hér er gerð grein fyrir hlutfalli kynja í umsóknum og veitingu starfslauna listamanna. Stuðst er við aðferð sem Diane Elson hefur þróað en hún er prófessor við Essex Háskóla í Bretlandi og sérfræðingur í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Hún starfar með The Women's Budget Group, sjálfstæðum hópi sérfræðinga úr akademíu, frjálsum félagssamtökum og stéttarfélögum, sem hefur það að markmiðið að stuðla að auknu jafnrétti kynja með því að leggja mat á efnahagsstefnur og áætlanagerð. Einnig hefur Diane Elson starfað fyrir UNIFEM bæði í höfuðstöðvum þeirra í New York og sem ráðgjafi víða um heim en hún kom meðal annars að fjárlagagerð í Suður-Afríku eftir að tíma aðskilnaðarstefnunnar lauk. Hún hefur meðal annars samið leiðbeiningar um framkvæmd kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Auk aðferðafræði Elson er stuðst við skref Klatzer sem sjá má í skilgreiningunni.

Framlög til listamannalauna eru um 4% af því framlagi sem veitt er til málaflokks um listir, menningu, íþróttar- og æskulýðsmál innan ráðuneytisins. Markmið þessarar greinargerðar er að fá kyngreinda yfirsýn yfir úthlutunir á starfslaunum listamanna árin 2008, 2009 og 2010. Markhópurinn er umsækjendur um listamannalaun þessi ár.

Kynjagreining á umsóknum og veitingum listamannalauna árin 2008, 2009 og 2010

Staða kvenna og karla gagnvart umsóknum og veitingu starfslauna listamanna árin 2008, 2009 og 2010 er hér greind eftir árum og birt í töflum sem gætu gefið vísbendingar um hagsmuni þeirra og þarfir. Farið er yfir umsóknir og úthlutunir hvert ár fyrir sig, kyngreint yfirlit birt yfir lengd starfslauna í mánuðum og samsetningu stjórna launasjóðanna.

Jafnréttismarkmið verkefnisins er að karlar og konur njóti sömu tækifæra til að fá listamannalaun. Markmið þessa tilraunaverkefnis er að draga ofangreindar upplýsingar fram eins og gert hefur verið. Í framhaldinu verða upplýsingarnar skoðaðar nánar og metið hvort ástæða þyki til að rýna betur ofan í einstaka þætti og hvort leggja þurfi til breytingar eða ekki.

Árið 2008

Árið 2008 störfuðu úthlutunarnefndir listamannalauna samkvæmt lögum nr. 35/1991 með áorðnum breytingum. Stjórn listamannalauna hafði yfirumsjón með sjóðunum og úthlutaði einnig fé úr Listasjóði sem var almennur sjóður fyrir aðrar listgreinar en þær sem féllu undir sérgreindu sjóðina þrjá: Launasjóð rithöfunda, launasjóð myndlistarmanna og launasjóð tónskálda. Allir sjóðirnir veittu starfslaun og náms- eða ferðastyrki.

Samtals bárust 514 umsóknir í sjóðina, þar af 54 frá leikhópum. Skipting umsókna milli sjóða og úthlutunar var eftirfarandi:

Allar umsóknir - 2008	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Launasjóður tónskálda	38	8,3%	13	8,9%	34,2%
Launasjóður rithöfunda	144	31,3%	74	50,7%	51,4%
Launasjóður myndlistarmanna	165	35,9%	32	21,9%	19,4%
Listasjóður	113	24,6%	27	18,5%	23,9%
Samtals, aðrir en leikhópar	460	100%	146	100%	32%
Listasjóður - leikhópar	54	10,5%	10	6,4%	18,5%
Samtals, allar umsóknir	514	100%	156	100%	30,4%

Fyrstu tveir dálkarnir í töflunni hér fyrir ofan sýna fjölda umsókna í hverjum sjóði og hlutfall miðað við heildarfjölda umsókna. Næstu tveir dálkar sýna fjölda úthlutana í hverjum sjóði og hlutfall úthlutana miðað við heildarfjölda úthlutana. Loks sýnir síðasti dálkurinn hlutfall úthlutunar úr sjóðunum í hlutfalli við umsóknir í sjóðinn.

Kyn umsækjenda	Allir sjóðir - Árið 2008				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	273	59,3%	85	58,2%	31,1%
Konur	187	40,7%	61	41,8%	32,6%
Samtals	460	100%	146	100%	31,7%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá skiptingu á fjölda umsókna og úthlutun úr þeim eftir kyni. Fram kemur að það eru rúmlega 59% karla sem sækja um í sjóðina og rúmlega 40% konur. Úthlutanir eru rúmlega 31% af umsóknum. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 1,4% hærra hjá konum.

Árið 2009

Árið 2009 störfuðu úthlutunarnefndir listamannalauna samkvæmt lögum nr. 35/1991 með áorðnum breytingum. Stjórn listamannalauna hafði yfirumsjón með sjóðunum og úthlutaði einnig fé úr Listasjóði sem var almennur sjóður fyrir aðrar listgreinar en þær sem féllu undir sérgreindu sjóðina þrjá: Launasjóð rithöfunda, launasjóð myndlistarmanna og launasjóð tónskálda. Allir sjóðirnir veittu starfslaun og náms- eða ferðastyrki.

Samtals bárust 561 umsóknir í sjóðina, þar af 51 frá leikhópum. Skipting umsókna milli sjóða og úthlutun var eftirfarandi:

Allar umsóknir - 2009	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Launasjóður tónskálda	41	8,0%	11	8,1%	26,8%
Launasjóður rithöfunda	163	32,0%	60	44,4%	36,8%
Launasjóður myndlistarmanna	177	34,7%	36	26,7%	20,3%
Listasjóður	129	25,3%	28	20,7%	21,7%
Samtals, aðrir en leikhópar	510	100%	135	100%	26%
Listasjóður - leikhópar	51	9,1%	11	7,5%	21,6%
Samtals, allar umsóknir	561	100%	146	100%	26,0%

Fyrstu tveir dálkarnir í töflunni hér fyrir ofan sýna fjölda umsókna í hverjum sjóði og hlutfall miðað við heildarfjölda umsókna. Næstu tveir dálkar sýna fjölda úthlutana í hverjum sjóði og hlutfall úthlutana miðað við heildarfjölda úthlutana. Loks sýnir síðasti dálkurinn hlutfall úthlutunar úr sjóðnum í hlutfalli við umsóknir í sjóðinn.

Kyn umsækjenda	Allir sjóðir - Árið 2009				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	267	52,4%	75	55,6%	28,1%
Konur	243	47,6%	60	44,4%	24,7%
Samtals	510	100%	135	100%	26,5%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá skiptingu á fjölda umsókna og úthlutun úr þeim eftir kyni. Fram kemur að karlar eru 52% umsækjenda í sjóðina en konur rúmlega 47%. Úthlutanir eru að meðaltali rúmlega 26% af umsóknum. Hlutfall úthlutana miðað við umsókna fjölda er 3,4% hærra hjá körlum.

Árið 2010

Úthlutunarnefndir listamannalauna störfuðu árið 2010 eftir nýjum lögum nr. 57/2009 og reglugerð nr. 834/2009. Stjórn listamannalauna hafði yfirumsjón með sjóðunum. Helstu breytingar eru að gert er ráð fyrir að samanlögð starfslaun miðist við 1325 mánaðarlaun í stað 1200 áður og nú eru sjóðirnir sex en voru fjórir áður.

Samtals bárust 712 umsóknir í sjóðina, þar af 77 frá leikhópum. Skipting umsókna milli sjóða og úthlutun var eftirfarandi:

Allar umsóknir - 2010	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Launasjóður tónlistarflytjenda	82	12,9%	26	14,7%	31,7%
Launasjóður tónskálda	66	10,4%	17	9,6%	25,8%
Launasjóður rithöfunda	161	25,4%	65	36,7%	40,4%
Launasjóður myndlistarmanna	217	34,2%	44	24,9%	20,3%
Launasjóður sviðslistarfólks-einstaklingar	64	10,1%	19	10,7%	29,7%
Launasjóður hönnuða	45	7,1%	6	3,4%	13,3%
Samtals, aðrir en leikhópar	635	100%	177	100%	28%
Sviðslistasjóður - leikhópar	77	10,8%	12	6,3%	15,6%
Samtals, allar umsóknir	712	100%	189	100%	26,5%

Fyrstu tveir dálkarnir í töflunni hér fyrir ofan sýna fjölda umsókna í hverjum sjóði og hlutfall miðað við heildarfjölda umsókna. Næstu tveir dálkar sýna fjölda úthlutana í hverjum sjóði og hlutfall úthlutana miðað við heildarfjölda úthlutana. Loks sýnir síðasti dálkurinn hlutfall úthlutunar úr sjóðunum í hlutfalli við umsóknir í sjóðinn.

Kyn umsækjenda	Allir sjóðir - Árið 2010				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	338	53,2%	95	53,7%	28,1%
Konur	297	46,8%	82	46,3%	27,6%
Samtals	635	100%	177	100%	27,9%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá skiptingu á fjölda umsókna og úthlutun úr þeim eftir kyni. Fram kemur að 53% umsækjenda eru karlar en tæplega 47% konur. Úthlutanir eru að meðaltali rúmlega 27% af umsóknum en hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir var 0,5% hærra hjá körlum.

Launasjóður rithöfunda

Kyn umsækjenda	Launasjóður rithöfunda 2008				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	91	63,2%	46	62,2%	50,5%
Konur	53	36,8%	28	37,8%	52,8%
Samtals	144	100%	74	100%	51,4%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að það voru rúmlega 63% karla sem sóttu um í sjóðinn og tæplega 37% konur. Af 144 umsóknum fengu 74 einstaklingar styrk eða rúmlega 50% umsækjenda. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 2,3% hærra hjá konum.

Kyn umsækjenda	Launasjóður rithöfunda 2009				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	96	58,9%	36	60,0%	37,5%
Konur	67	41,1%	24	40,0%	35,8%
Samtals	163	100%	60	100%	36,8%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að það voru tæplega 59% karla sem sóttu um í sjóðinn og rúmlega 41% konur. Af 163 umsóknum fengu 60 einstaklingar styrk eða rúmlega 36%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 1,7% hærra hjá körlum.

Kyn umsækjenda	Launasjóður rithöfunda 2010				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	110	68,3%	42	64,6%	38,2%
Konur	51	31,7%	23	35,4%	45,1%
Samtals	161	100%	65	100%	40,4%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að það voru rúmlega 68% karla sem sóttu um í sjóðinn og tæplega 32% konur. Af 161 umsóknum fengu 65 einstaklingar styrk eða rúmlega 40%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 6,9% hærra hjá konum.

Skipting á lengd launa rithöfunda eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar

2008	kk	kr.	kvk	kr.	2009	kk	kr.	kvk	kr.	2010	kk	kr.	kvk	kr.
3 ár	2	19.205.064	1	9.602.532	3 ár	2	19.205.064	1	9.602.532	2 ár	1	6.593.736	1	6.593.736
1 ár	7	22.405.908	5	16.004.220	1 ár	7	22.405.908	6	19.205.064	1 ár	9	29.671.812	3	9.890.604
6 mán.	20	32.008.440	9	14.403.798	6 mán.	18	28.807.596	10	16.004.220	9 mán.	1	2.472.651	4	9.890.604
3 mán.	17	13.603.587	13	10.402.743	3 mán.	9	7.201.899	7	5.601.477	6 mán.	17	28.023.378	11	18.132.774
										3 mán.	13	10.714.821	4	3.296.868
										1 mán.	1	274.739		
Samtals	46	87.222.999	28	50.413.293	Samtals	36	77.620.467	24	50.413.293	Samtals	42	77.751.137	23	47.804.586

Árið 2008 var hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir 2,3% hærra hjá konum en hæstu starfslaun hlutu fleiri karlar en konur, alls fengu þeir 63% en konur 37% þess fjármagns sem var úthlutað. Árið 2009 var hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir 1,7% hærra hjá körlum og þeir hlutu hæstu launin, alls fengu þeir 61% en konur 39% þess fjármagns sem var úthlutað. Árið 2010 sóttu fleiri karlar um en áður en hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir var 6,9% hærra hjá konum. Karl og kona hlutu hæstu starfslaunin, karlar fengu 62% en konur 38% þess fjármagns sem var úthlutað.

Þegar úthlutanir árána 2008, 2009 og 2010 eru lagðar saman kemur í ljós að karlar fengu 62% en konur 38% þess fjármagns sem var til ráðstöfunar úr launasjóði rithöfunda. Það er í samræmi við hlutfall karla og kvenna sem sóttu um en alls voru umsóknir 468 og þar af sóttu 297 karlar um eða 63,5% og 171 kona eða 36,5%.

Launasjóður myndlistarmanna

Kyn umsækjenda	Launasjóður myndlistarmanna 2008				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	100	60,6%	15	46,9%	15,0%
Konur	65	39,4%	17	53,1%	26,2%
Samtals	165	100%	32	100%	19,4%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að það voru rúmlega 60% karla sem sóttu um í sjóðinn og tæplega 40% konur. Af 165 umsóknum fengu 32 einstaklingar styrk eða tæplega 20%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 11,2% meiri hjá konum.

Kyn umsækjenda	Launasjóður myndlistarmanna 2009				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	77	43,5%	15	42,9%	19,5%
Konur	100	56,5%	20	57,1%	20,0%
Samtals	177	100%	35	100%	19,8%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að það voru rúmlega 56% konur sem sóttu um í sjóðinn og tæplega 44% karlar. Af 177 umsóknum fengu 35 einstaklingar styrk eða tæplega 20%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 0,5% hærra hjá konum.

Kyn umsækjenda	Launasjóður myndlistarmanna 2010				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	100	46,1%	21	47,7%	21,0%
Konur	117	53,9%	23	52,3%	19,7%
Samtals	217	100%	44	100%	20,3%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að það voru rúmlega 53% konur sem sóttu um í sjóðinn og tæplega 47% karlar. Af 217 umsóknum fengu 44 einstaklingar styrk eða rúmlega 20%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 1,3% hærra hjá körlum.

Skipting á lengd launa myndlistarmanna eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar

2008	kk	kr.	kvk	kr.
2 ár	2	12.803.376	2	12.803.376
1 ár	6	19.205.064	5	16.004.220
6 mán.	9	14.403.798	6	9.602.532
1 mán.			2	533.474
Samtals	17	46.412.238	15	38.943.602

2009	kk	kr.	kvk	kr.
2 ár	1	6.401.688	3	19.205.064
1 ár	6	19.205.064	3	9.602.532
6 mán.	8	12.803.376	12	19.205.064
1 mán.			2	533.474
Samtals	15	38.410.128	20	48.546.134

2010	kk	kr.	kvk	kr.
2 ár	3	19.781.208	1	6.593.736
1 ár	2	6.593.736	6	19.781.208
6 mán.	14	23.078.076	12	19.781.208
3 mán.	2	1.648.434	1	824.217
1 mán.			3	824.217
Samtals	21	51.101.454	23	47.804.586

Árið 2008 var hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir 11,2% hærra hjá konum en þær voru með minni hluta umsókna sem snerist við árin 2009 og 2010. Hæstu laun skiptust jafnt á milli kynja árið 2008 en samtals fengu karlar 54% þess fjármagns sem úthlutað var. Árið 2009 var hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir aftur 0,5% hærra hjá konum og þær voru í meiri hluta þeirra sem fengu hæstu starfslaun en karlar fengu

44% þess fjármagns sem var úthlutað. Árið 2010 var hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir 1,3% hærra hjá körlum og þeir voru með meiri hluta hæstu starfslauna auk þess sem þeir fengu 52% þess fjármagns sem var úthlutað.

Þegar úthlutanir árána 2008, 2009 og 2010 eru lagðar saman kemur í ljós að karlar og konur skiptu jafnt á milli sín því fjármagni sem var til ráðstöfunar úr launasjóði myndlistarmanna. Það er í samræmi við hlutfall karla og kvenna sem sóttu um en alls voru umsóknir 559 og þar af sóttu 277 karlar um eða 49,5% og 282 kona eða 50,5%.

Listasjóður

Kyn umsækjenda	Listasjóður 2008				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	48	42,5%	15	55,6%	31,3%
Konur	65	57,5%	12	44,4%	18,5%
Samtals	113	100%	27	100%	23,9%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að umsækjendur voru rúmlega 42% karlar og rúmlega 57% konur. Af 113 umsóknum fengu 27 einstaklingar styrk eða tæplega 24% og þar af 15 karlar og 12 konur. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 12,8% hærra hjá körlum.

Kyn umsækjenda	Listasjóður 2009				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	61	47,3%	15	53,6%	24,6%
Konur	68	52,7%	13	46,4%	19,1%
Samtals	129	100%	28	100%	21,7%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að rúmlega 47% umsókna var frá körlum en 52% frá konum. Af 129 umsóknum fengu 28 einstaklingar styrk eða tæplega 22%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 5,5% hærra hjá körlum.

Kyn umsækjenda	Launasjóður sviðslistafólks – einstaklinga 2010				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	19	29,7%	5	26,3%	26,3%
Konur	45	70,3%	14	73,7%	31,1%
Samtals	64	100%	19	100%	29,7%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 30% umsækjenda voru karlar en 70% konur. Af 64 umsóknum fengu 19 einstaklingar styrk eða tæplega 30%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 4,8% hærra hjá konum.

Skipting á lengd launa úr Listasjóði og launasjóði sviðslistafólks eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar

2008	kk	kr.	kvk	kr.	2009	kk	kr.	kvk	kr.	2010	kk	kr.	kvk	kr.
1 ár	7	22.405.908	2	6.401.688	1 ár	4	12.803.376	4	12.803.376	6 mán.	1	1.648.434	2	3.296.868
6 mán.	7	11.202.954	7	11.202.954	6 mán.	9	14.403.798	7	11.202.954	3 mán.			5	4.121.085
3 mán.			2	1.600.422	3 mán.	1	800.211	1	800.211	2 mán.	4	2.197.912	7	3.846.346
1 mán.	1		1	266.737	1 mán.	1	266.737	1	266.737					
Samtals	15	33.608.862	12	19.471.801	Samtals	15	28.274.122	13	25.073.278	Samtals	5	3.846.346	14	11.264.299

Árið 2008 var hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir 12,8% hærra hjá körlum en konum en þær voru með fleiri umsóknum en karlar sem hlutu 63% heildarfjármagns. Árið 2009 var hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir 5,5% hærra hjá körlum, hæstu laun til einstaklinga skiptust jafnt á milli kynja og karlar hlutu 53% heildarfjármagns. Árið 2010 var hlutfall úthlutunar úr launasjóði sviðslistafólks miðað við umsóknir 4,8% hærra hjá konum sem hlutu 74% heildarfjármagns. Karlar voru með 30% umsókna og fengu 26% fjármagns sem úthlutað var. Þess ber að geta að leikhópar hljóta einnig styrki úr þessum launasjóði.

Þegar úthlutanir áranna 2008, 2009 og 2010 eru lagðar saman kemur í ljós að karlar fengu 54% en konur 46% þess fjármagns sem var til ráðstöfunar úr Listasjóði og launasjóði sviðslistafólks. Það er í samræmi við hlutfall karla og kvenna sem sóttu um en alls voru umsóknir 306 og þar af sóttu 128 karlar um eða 41,8% og 178 kona eða 58,2%.

Launasjóður tónskálda

Kyn umsækjenda	Launasjóður tónskálda 2008				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	34	89,5%	9	69,2%	26,5%
Konur	4	10,5%	4	30,8%	100,0%
Samtals	38	100%	13	100%	34,2%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 90% umsókna var frá körlum en rúmlega 10% frá konum. Af 38 umsóknum fengu 13 einstaklingar styrk eða tæplega 35%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 73,5% hærra hjá konum.

Kyn umsækjenda	Launasjóður tónskálda 2009				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	33	80,5%	9	81,8%	27,3%
Konur	8	19,5%	2	18,2%	25,0%
Samtals	41	100%	11	100%	26,8%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að það voru rúmlega 80% karla sem sóttu um í sjóðinn og tæplega 20% konur. Af 41 umsóknum fengu 11 einstaklingar styrk eða tæplega 27%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 2,3% hærra hjá körlum.

Kyn umsækjenda	Launasjóður tónskálda 2010				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	57	86,4%	14	93,3%	24,6%
Konur	9	13,6%	1	6,7%	11,1%
Samtals	66	100%	15	100%	22,7%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að það voru rúmlega 86% karla sem sóttu um í sjóðinn og tæplega 14% konur. Af 66 umsóknum fengu 15 einstaklingar styrk eða rúmlega 22%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 17% hærra hjá körlum.

Skipting á lengd launa tónskálda eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar

2008	kk	kr.	kvk	kr.
3 ár	1	9.602.532		
2 ár	1	6.401.688		
1 ár	1	3.200.844	1	3.200.844
6 mánn.	6	9.602.532	2	3.200.844
4 mánn.			1	1.066.948
Samtals	9	28.807.596	4	7.468.636

2009	kk	kr.	kvk	kr.
2 ár	1	6.401.688		
1 ár	1	3.200.844		
6 mánn.	7	11.202.954	1	1.600.422
4 mánn.			1	1.066.948
Samtals	9	20.805.486	2	2.667.370

2010	kk	kr.	kvk	kr.
2 ár	1	6.593.736		
1 ár	1	3.296.868		
9 mánn.	4	9.890.604		
6 mánn.	7	11.539.038	1	1.648.434
4 mánn.	1	1.098.956		
3 mánn.				
Samtals	14	32.419.202	1	1.648.434

Árið 2008 fengu fjórar konur, eða allar úr röðum umsækjenda, starfslaun en rúmlega fjórðungur þeirra karla sem sóttu um. Karlar fengu 79% þess fjármagns sem úthlutað var en konur 21% heildarfjármagns. Árið 2009 var 80% umsókna frá körlum og fengu þeir 89% heildarfjármagns meðan konur fengu 19% heildarfjármagns. Árið 2010 voru karlar 86% umsækjenda en hlutu 95% heildarfjármagns. Konur voru 14% umsækjenda en hlutu 5% heildarfjármagns.

Þegar úthlutanir áranna 2008, 2009 og 2010 eru lagðar saman kemur í ljós að karlar fengu 87% en konur 13% þess fjármagns sem var til ráðstöfunar úr launasjóði tónskálda. Það er í samræmi við hlutfall karla og kvenna sem sóttu um en alls voru umsóknir 145 og þar af sóttu 124 karlar um eða 85,5% og 21 kona eða 14,5%.

Launasjóður tónlistarflytjenda

Kyn umsækjenda	Launasjóður tónlistarflytjenda 2010				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	42	51,2%	10	38,5%	23,8%
Konur	40	48,8%	16	61,5%	40,0%
Samtals	82	100%	26	100%	31,7%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að það voru rúmlega 51% karla sem sóttu um í sjóðinn og tæplega 49% konur. Af 82 umsóknum fengu 26 einstaklingar styrk eða tæplega 32%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 16,2% hærra hjá konum.

Skipting á lengd launa tónlistarflytjenda eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar

2010	kk	kr.	kvk	kr.
1 ár	2	6.593.736	2	6.593.736
9 mánn.	1	2.472.651	1	2.472.651
6 mánn.	2	3.296.868	8	13.187.472
3 mánn.	3	2.472.651	4	3.296.868
1 mánn.	2	549.478	1	274.739
Samtals	10	6.318.997	16	25.825.466

Árið 2010 var í fyrsta skipti úthlutað úr launasjóði tónlistarflytjenda. Hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir var 16,2% hærra hjá konum en álíka margir af báðum kynjum sóttu um. Karlar fengu 20% heildarfjármagns en konur fengu 80% heildarfjármagns sem úthlutað var.

Launasjóður hönnuða

Kyn umsækjenda	Launasjóður hönnuða 2010				
	Umsóknir	% umsókna	Úthlutað	% úthlutana	Úthl/ums
Karlar	10	22,2%	1	16,7%	10,0%
Konur	35	77,8%	5	83,3%	14,3%
Samtals	45	100%	6	100%	13,3%

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 23% umsækjenda voru karlar en rúmlega 77% konur. Af 45 umsóknum fengu 6 einstaklingar styrk eða tæplega 14%. Hlutfall úthlutana miðað við umsóknafjölda er 4,3% hærra hjá konum.

Skipting á lengd launa hönnuða eftir kynjum með tilliti til vægis úthlutunar

2010	kk	kr.	kvk	kr.
4 mánn.	1	1.098.956	1	1.098.956
3 mánn.			4	3.296.868
Samtals	1	1.098.956	5	4.395.824

Árið 2010 var í fyrsta skipti úthlutað úr launasjóði hönnuða. Hlutfall úthlutunar miðað við umsóknir var 4.3% hærra hjá konum en þær voru 77% umsækjenda. Einn karl fékk 20% heildarfjármagns en konur fengu 80% heildarfjármagns sem úthlutað var.

Umfjöllun um skiptingu fjármagns á milli karla og kvenna

Markmið þessarar greinargerðar er að skoða hvort aðstæðum, óskum og þörfum kvenna og karla sem sækja um listamannalauna sé mætt á jafnréttisgrundvelli. Ein leiðin er að taka saman umsóknir og úthlutanir á starfslaunum til listamanna og reikna virði starfslauna í mánuðum eins og hér hefur verið gert. Til að skerpa myndina var kynjahlutfall í stjórn og úthlutunarnefndum listamannalauna skoðað.

Úthlutun starfslauna á þriggja ára tímabili

Þau þrjú ár sem hér hafa verið til athugunar var tæpum milljarði varið til listamannalauna eða 915.438.592 mkr. Þegar úthlutanir árána 2008, 2009 og 2010 eru skoðaðar kemur í ljós að 58,3% þess heildarfjármagns eða 533.697.990 mkr. fór til karla en 41,7% eða 381.740.602 mkr. til kvenna. Mismunur nemur 151.957.388 mkr. sem karlar fengu umfram konur úr ríkissjóði á þriggja ára tímabili. Þessi mismunur er í samræmi við hlutfall umsókna frá körlum og konum. Alls voru umsóknir 1605 og þar af sóttu 878 karlar um eða 54,7% og 727 konur eða 45,3%.

Stjórn og úthlutunarnefndir listamannalauna

Skoða má hlutfall kynja í stjórnnum úthlutunarnefnda og velta fyrir sér hvort þar sé áhrifavaldur á skiptingu fjármagns sem veitt er til starfslauna listamanna. Gera má ráð fyrir að hlutlægar og sanngjarnar ástæður séu að baki úthlutunum en hér er verið að skoða það sem hægt er að nálgast upplýsingar um.

Að baki úthlutun árin 2008 og 2009 var stjórn listamannalauna sem skipuð var einum karli tilnefndum af ráðherra og tveimur konum tilnefndum af Listaháskóla Íslands og Bandalagi íslenskra listamanna, formaður var karl. Í úthlutunarnefnd launasjóðs rithöfunda voru tveir karlar og ein kona, formaður var karl. Í úthlutunarnefnd launasjóðs myndlistarmanna sem sá um úthlutun árið 2008 voru tveir karlar og ein kona, formaður var karl, en í nefndinni sem sá um úthlutun 2009 var einn karl og tvær konur, formaður var kona. Í úthlutunarnefnd launasjóðs tónskálda voru þrír karlar. Leiklistarráð fjallaði um veitingu starfslauna til leiklistar en í ráðinu voru tveir karlar og ein kona, formaður var karl.

Að baki úthlutun listamannalauna árið 2010 var ný stjórn sem starfa mun í þrjú ár eða til ársins 2012 en í henni er ein kona tilnefnd af ráðherra, einn karl og ein kona tilnefnd af Listaháskóla Íslands og Bandalagi íslenskra listamanna, formaður er kona. Úthlutunarnefndir listamannalauna eru skipaðar til eins árs í senn. Í úthlutunarnefnd launasjóðs rithöfunda var einn karl og tvær konur, formaður var karl. Í úthlutunarnefnd launasjóðs myndlistarmanna voru tveir karlar og ein kona, formaður var karl. Í úthlutunarnefnd launasjóðs tónskálda voru tveir karlar og ein kona, formaður var karl. Í úthlutunarnefnd launasjóðs tónlistarflytjenda voru tveir karlar og ein kona, formaður var karl. Í úthlutunarnefnd launasjóðs hönnuða voru tveir karlar og ein kona, formaður var karl. Í úthlutunarnefnd launasjóðs sviðslistafólks voru einn karl og tvær konur, formaður var kona.

Ofangreindar upplýsingar hafa verið teknar saman í meðfylgjandi töflu:

Stjórnir úthlutana listamannalauna 2008 - 2010

	kk	kvk	form.		kk	kvk	form.		kk	kvk	form.
stjórn 2008	1	2	kk	stjórn 2009	1	2	kk	stjórn 2010	1	2	kvk
rithöf.	2	1	kk	rithöf.	2	1	kk	rithöf.	1	2	kk
myndl.	2	1	kk	myndl.	1	2	kvk	myndl.	2	1	kk
tónskáld	3	0	kk	tónskáld	3	0	kk	tónskáld	2	1	kk
								tónflytj	2	1	kk
								hönnuðir	2	1	kk
leiklist	2	1	kk	leiklist	2	1	kk	sviðslist	1	2	kvk
	10	5			9	6			11	10	

Í töflunni má sjá að karlar hafa verið og eru í meiri hluta í stjórnnum sem sjá um úthlutanir listamannalauna og þeir hafa jafnframt gegnt formennsku að mestu leyti. Árið 2008 voru karlar formenn í 5 nefndum, árið 2009 voru 4 karlar og 1 kona formenn, árið 2010 voru 5 karlar og 2 konur formenn.

Kynjahlutfall í stjórnnum sem sjá um úthlutanir breyttist eftir að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru sett árið 2008 þar sem meðal annars er ákvæði um kynjahlutfall í nefndum og lagaðist enn frekar þegar nefndir listamanna voru skipaðar til þriggja ára samkvæmt nýjum lögum. Karlar gegna formennsku í 71,4% nefndanna en konur í 28,6% eða tveimur þeirra sjö nefnda sem hér er fjallað um.

Mælikvarðar og mögulegar aðgerðir

Áhrif listamannalauna þarf að skoða og þau markmið sem liggja að baki úthlutunum. Finna þarf leiðir til að meta hvort dreifing fjármuna hafi náð tilætluðum árangri en samkvæmt lögum er megin markmið með listamannalaunum er að efla listsköpun í landinu. Skoða þarf markmið hvers launasjóðs og helstu pólitísk markmið með úthlutunum.

Til þess að fylgjast með framvindu verkefnisins er nauðsynlegt að halda áfram að kyngreina upplýsingar um listamannalaun með því að reikna út fjármagn sem veitt er til karla annars vegar og kvenna hins vegar. Einnig væri æskilegt að bera saman fjölda umsókna og markhópa í viðkomandi sjóðum. Upplýsingar ætti að birta á vef listamannalauna.

Stjórn og nefndir um starfslaun listamanna geta gert samantektir með kynjamiðuðum mælikvörðum sem sýna fram á að leitast sé við að mismuna ekki eftir kyni. Eitt af því sem má skoða er hvort meira jafnrétti felist í að úthluta jafn mörgum körlum og konum eða jöfnu hlutfalli af umsóknum til verkefna eða hvort betra sé að leita eftir öðrum leiðum. Einnig má greina kynjasjónarmið í fjölda umsókna og hvort fjármagn sem viðkomandi sjóðir hafi eigi rétt á sér eða hvort því ætti að dreifa á annan hátt en gert er. Mikilvægt skref í jafnréttisátt gæti falið í því að finna leiðir til að leita eftir ástæðum hjá þeim hópi sem síður sækir um í viðkomandi sjóð og leiðum til að hvetja viðkomandi til þess að senda inn umsókn um starfslaun.

Jafnréttismarkmið vegna úthlutana listamannalauna má skilgreina og birta. Kynjamiðaðir mælikvarðar geta einnig verið opinberir og aðgengilegir ásamt leiðum sem fundnar verða til að stuðla að því að konur og karlar fái jafn mikið fjármagn úr launasjóðum listamanna.

Lokaorð

Markmið tilraunaverkefnisins var að draga fram upplýsingar um fjölda umsókna og úthlutanir úr launasjóðum listamanna á síðustu þremur árum. Umsóknir um listamannalaun í þrjú ár hafa verið kyngreindar sem og úthlutanir úr sjóðunum ásamt virði starfslauna í mánuðum. Þá var kynjasamsetning stjórnna skoðuð.

Spyrja má um áhrif úthlutana listamannalauna og hvernig sú þekking sem hér er byrjað að byggja upp megi nýtast til áframhaldandi þekkingaruppbyggingar og innleiðingar á kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Þegar umsóknir og úthlutanir úr hverjum sjóði fyrir sig eru skoðaðar virðist við fyrstu skoðun hvorki vera um misræmi né ósanngirni að ræða. Skoða þarf hvort kynjahlutfall umsókna endurspeglir kynjahlutfall félagsmanna. Einnig má skoða hvort ríkjandi skipting sjóða sé besta fyrirkomulagið og hvaða merkingu dreifing fjármagns úr þeim hafi út frá kynjasjónarmiðum með samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í huga. Þannig má nálgast eitt af megin markmiðum kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar sem er að fjárlögum verði beitt á markvissan hátt til þess að jafna stöðu kvenna og karla og stuðla að sanngjarnri öflun og nýtingu opinberra fjármuna.

Jafnréttismarkmið verkefnisins er að karlar og konur njóti sömu tækifæra til að fá listamannalaun. Í ljós kom að meira fjármagn fór til karla en kvenna á þeim þremur árum sem skoðuð voru eða 58,3% til karla og 41,7% til kvenna. Þetta var nánast samhljóma hlutfalli kynja í heildarumsóknum því karlar voru með 54,7% en konur 45,3% umsókna. Því virðist sem að úthlutun listamannalauna sé í samræmi við umsóknir frá báðum kynjum en skoða þarf nánar hvort kynjahlutfall umsókna endurspeglir kynjahlutfall félagsmanna í hverjum sjóði fyrir sig. Komi í ljós að um misræmi sé að ræða þyrfti að skoða umsóknarferlið, tíma umsókna eða aðrar orsakir sem gætu valdið misræminu.

Vonir standa til að draga megi lærdóm af þessu tilraunaverkefni sem nota má við kynjaða fjárlagagerð.

Heimildir

Fjárlög fyrir árið 20011. Aðgengileg á vef: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0556.html>

Lög um listamannalaun nr. 57/2009. Aðgengileg á vef: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2009057.html>

Starfslaun listamanna. Sótt á vef <http://listamannalaun.is/> 29. júní 2011.

Upplýsingar um listamannalaun hjá skrifstofu Stjórnar listamannalauna, Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík.